

Spurning nr. 6 – Svör allra framboða og samantekt

Hver er stefna flokksins í málefnum stofnana sem koma að málum barna með sérþarfir svo sem Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, BUGL og Þroska- og hegðunarstöð. Hvernig hyggst þinn flokkur hafa áhrif á að biðlistum verði útrýmt?

Punktur úr svörum framboðanna:

- A – Björt framtíð vill styrkja forvarnir og stöðu skólanna þegar kemur að málefnum barna og skóla án aðgreiningar og minnka þannig þörfina fyrir aðkomu þessara stofnana. Þau vilja að börnin séu þjónustuð nær skóla og heimilum. Til þess að þjóna þeim börnum sem þess þurfa þarf að leggja meiri pening til þessara stofnana. Þau telja að hver króna sem fari í þennan málaflokk skili sér til baka.
 - B – Framsókn vilja líka efla forvarnir og vilja skoða að taka upp skimun við tilfinningavanda og auka fræðslu um geðrækt inn í grunnskólana. Þau vilja styrkja BUGL og ráðast í umbætur á geðheilbrigðiskerfi fyrir börn. Þau vilja efla úrræði t.d. fyrir unglinga í vímuefnavanda.
 - C – Viðreisn segir að auka eigi afkastagetu heilbrigðiskerfisins og útrýma biðlistum.
 - D – Sjálfstæðisflokkurinn er með það sem markmið að árið 2019 verði búið að útrýma biðlistum á BUGL. Þau vilja líka kanna hvernig megi stytta biðlista hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Þau vilja bíða eftir niðurstöðum rannsóknar á skóla án aðgreiningar og vinna út frá þeim.
 - P – Píratar vilja endurreisa gjaldfrjálst heilbrigðiskerfi sem setur grunnstoðir samfélagsins í forgang og það feli í sér að anna eftirspurn.
 - R – Alþýðufylkingin segir að biðlistar fyrir börn með sérþarfir sé skandall og að það vanti peninga í kerfið. Með félagslegu fjármálakerfi megi fjármagna nauðsynlegar umbætur á heilbrigðis- og velferðakerfi landsins.
 - S – Samfylkingin er með það markmið að útrýma biðlistum og segja að enginn eigi að bíða lengur en í þrjá mánuði eftir þjónustu. Þau ætla að auka árleg framlög til heilbrigðismála um 20 milljarða og að þeir peningar muni nýtast í þetta.
 - T – Dögun segir að það sé ekki nóg að koma með átök í geðheilbrigðismálum en standa sig svo ekki varðandi aðgengi að þjónustu. Þau vilja gjaldfría heilbrigðisþjónustu með því að skipta peningum þjóðarinnar réttlátt og þessar stofnanir falla undir það. Það eigi ekki að vera biðlistar.
 - V – Vinstri græn vilja auka fjármagn í þennan málaflokk enda eigi börn ekki að vera á löngum biðlistum.
-

Spurning nr. 6 – Svör allra framboða og samantekt

A – Svar frá Bjartri Framtíð:

Ef starf skólanna á þessu sviði verður styrkt eins og áhersla er lögð á í ofangreindum svörum og forvarnir bættar verður minni þörf fyrir aðkomu þessara stofnana að málum hlutaðeigandi barna. Best er að veita sem mesta þjónustu á þessu sviði sem næst heimilum og skólum barnanna. Það er þó ljóst að ákveðinn hópur mun alltaf þurfa á þjónustu þessara stofnana að halda. Starfsemi þeirra er og verður því afar mikilvæg. Til að hún geti staðið undir þeim kröfum sem gera verður til hennar þarf samfélagið að leggja meira fé til hennar. Það er svo einfalt. Björt framtíð er hlynt því og telur að það snúist ekki einungis um mannúð og jöfn tækifæri barna og ungmenna heldur einnig um fjárhagslega hagkvæmni. Því að Björt framtíð er sannfærð um að hver króna sem er vel nýtt í þessari þjónustu skili sé til baka og meira en það og dragi úr kostnaði og sóun sem kann að koma fram síðar og glötuðum lífsgæðum sem er auðvitað hræðileg sóun líka þó að þau verði ekki metin í krónum og aurum.

B – Svar frá Framsóknarflokknum:

Við viljum efla forvarnir hjá yngri aldurshópum og taka til skoðunar hugmyndir sem lúta að skimun grunnskólanemenda fyrir tilfinningavanda og bjóða þeim sem skimast upp á gagnreynd meðferðarúrræði í hóp eða önnur viðeigandi úrræði. Við teljum einnig æskilegt að auka fræðslu um geðrækt inn í námsskrár skólakerfisins. Einnig er mikilvægt að styrkja BUGL og ráðast í umbætur á geðheilbrigðiskerfi fyrir börn og unglunga en m.a. þarf að skilgreina betur hlutverk hvers stofnunar, efla samvinnu og sérsvið þeirra og vinna að eflingu ákveðinna úrræða eins og t.d. fyrir unglunga í vímuefnavanda.

C – Svar frá Viðreisn:

Biðlistar eftir heilbrigðisþjónustu skulu heyra liðinni tíð. Afkastageta heilbrigðiskerfisins verði aukin með það að markmiði að eyða biðlistum og bæta þjónustu. Settar verði reglur um samræmda skráningu og fjármögnunarkerfi.

Spurning nr. 6 – Svör allra framboða og samantekt

D – Svar frá Sjálfstæðisflokknum:

Sjálfstæðisflokkurinn hefur það að markmiði að ekki verði biðlistar á BUGL árið 2019 þannig að börn þurfi ekki að bíða eftir þjónustu. Því markmiði ætlar flokkurinn að ná með því að fjölga sérhæfðu starfsfólki. Heilbrigðisráðherra veitti 45 milljóna króna styrk til að efla þjónustu BUGL við börn sem þurfa þjónustu vegna alvarlegra geðrænna einkenna, s.s. þunglyndis, sjálfsvígshugsana og sjálfskaðandi hegðunar.

Hvað varðar Þroska- og hegðunarstöð skal bent á að Sjálfstæðisflokkurinn jók fjárveitingar til að stytta bið eftir þjónustu. Gert er ráð fyrir að vegna þessa megi veita allt að 200 fleiri börnum þjónustu en ella. Sjálfstæðisflokkurinn telur að áfram skuli sótt á grundvelli tillagna vinnuhóps sem búast má við að skili af sér tillögum fyrir lok þessa árs.

Í tilfalli Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins telur Sjálfstæðisflokkurinn rétt að kanna með hvaða hætti stytta megi biðlista þannig að bið eftir þjónustu sé minni en raun ber vitni.

E - Svör frá Íslensku Þjóðfylgkingunni:

Engin svör bárust.

F - Svör frá Flokki fólksins:

Engin svör bárust.

H - Svör frá Húmanistaflokknum:

Engin svör bárust.

Spurning nr. 6 – Svör allra framboða og samantekt

P – Svar frá Pírötum:

Píratar vilja endurreisa gjaldfrjálst heilbrigðiskerfi og setja grunnstoðir samfélagsins í forgang. Heilbrigðiskerfi getur ekki talið endurreist ef bráðþjónusta annar ekki eftirspurn.

R – Svar frá Alþýðufylkingunni:

Biðlistar fyrir börn með sérþarfir eru einfaldlega skandall og algerlega óþolandi. Það vantar peninga í kerfið. Nóg er til af þeim í þjóðfélaginu, en í dag renna þeir til fjármálaauðvaldsins. Félaglegt fjármálakerfi mundi spara þjóðfélaginu gífurlega fjármuni, þannig að auðvelt yrði að fjármagna allar nauðsynlegar umbætur á heilbrigðis- og velferðarkerfi landsins

S – Svar frá Samfylkingunni:

Markmið okkar um betri heilbrigðisþjónustu og átak í geðheilbrigðismálum eru skýr, eins og kom fram í svari við spurning 5. Annað skýrt markmið okkar er að útrýma biðlistum.

Stofnanir sem koma að málum barna með sérþarfir falla undir þessi skýru markmið Samfylkingarinnar. Brýnt er að börn með sérþarfir þurfi ekki að bíða á biðlistum. Við viljum að enginn þurfi að bíða lengur en þrjá mánuði eftir þjónustu. Samfylkingin vill auka árleg fjárframlög í heilbrigðismál um 20 milljarða króna og þeir peningar munu nýtast til að ná þessum markmiðum

T – Svar frá Dögun:

Að sjálfsögðu eiga EKKI að vera biðlistar að þessari þjónustu. Það er ekki nóg að koma með átök í geðheilbrigðismálum eins og „Út með’etta“ og standa sig svo ekki varðandi aðgengi að þjónustu. Við þurfum að skipta þjóðarkökunni réttlátar og nota það fé sem þannig fæst til þess að bjóða uppá gjaldfría heilbrigðisþjónustu sem ofangreindar stofnanir teljast að sjálfsögðu til.

Spurning nr. 6 – Svör allra framboða og samantekt

V – Svar frá Vinstri hreyfingunni grænu framboði:

Það er óforsvaranlegt að börn séu á löngum biðlistum eftir greiningu. Það þarf að auka fjármagn í þennan málaflokk og það mun VG gera fáum til þess umboð.